

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 442/1990. **Bryndís Friðþjófsdóttir**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Ásgeiri Þór Árnasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Áskorunarmál. Skuldabréf. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar á grundvelli þágildandi 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gerir hún þær dómkröfur, að hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu á bæjarþingi Reykjavíkur 13. október 1989 verði felld úr gildi og hún sýknuð af kröfum stefnda í málinu. Þá verði hin áfrýjaða fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 17. nóvember 1989 úr gildi felld. Hún krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á hinni áfrýjuðu áritun og hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt ný gögn fyrir Hæstarétt.

Hinn 28. ágúst 1989 gaf Ásgeir Þór Árnason héraðsdómslögmaður, stefndi í máli þessu, út áskorunarstefnu og gerði kunnugt, að „félagið“ þyrfti að höfða mál á hendur Pétri Sigurðssyni, kt. „31071-4349“, Bryndísi Friðgeirsdóttur, kt. 260346-2619, og Maríu Jóhönnu Sigurðardóttur, kt. 031265-3129, öllum til heimilis að Unufelli 20 í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld, að fjárhæð 229.768 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. júlí 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar. Væri skuld þessi samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 11. maí 1989 af stefnda Pétri Sigurðssyni til handhafa, að fjárhæð 220.000 krónur, en stefnandi hefði eignast það „fyrir eyðuframsál“. Skuldina hefði átt að greiða með 18 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 5. júlí 1989, og bera hæstu vexti, sem heimilt væri að taka af sambærilegum skuldabréfum á hverjum tíma, upphaflega 27,6%

ársvexti. Næmi stefnufjárhæðin höfuðstól bréfsins að viðbættum samningsvöxtum til fyrsta gjalddaga. Stefndu Bryndís Friðgeirsdóttir og María J. Sigurðardóttir hefðu tekist á hendur sjálf-skuldarábyrgð á skuldinni með áritun á skuldabréfið. Vegna vanskila væri skuldin öll í gjalddaga fallin frá og með fyrsta gjalddaganum samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins og málsókn óhjákvæmileg. Bæri að reka málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði í samræmi við áskilnað í bréfinu. Stefnuna undirritaði lögmaðurinn sjálfur „f. h. stefnanda“.

Samkvæmt vottorði stefnuvotta Reykjavíkur var stefna þessi birt 6. september 1989 að Unufelli 20 fyrir Bryndísi Friðgeirsdóttur vegna hennar sjálfrar og þeirra Péturs og Maríu. Málið var síðan þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 5. október 1989, eins og boðað var í stefnunni. Enginn hinna stefndu sótti þing, og var málið tekið til áritunar. Lauk málinu með því hinn 13. sama mánaðar, að Bergþór Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, áritaði stefnuna á þessa leið:

„Stefnukröfur máls þessa og kr. 36.400,- í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án söluskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga.“

Umrætt skuldabréf var lagt fram við þingfestinguna. Er það ritað á prentað form, án þess að tilgreint sé í viðeigandi línu, hver teljist skuldareigandi, þ. e. nafngreindur aðili eða handhafi. Þá er og eyða, þar sem ráðgerð er tilgreining þess, hver sé upphaflegur vaxtafótur hinna breytilegu vaxta, sem lýst er í prentuðum texta bréfsins. Á bréfinu má greina nafn áfrýjanda handritað á tveimur stöðum, innan meginmálsins og undir ábyrgðaryfirlýsingu neðanmáls, og er nafnnúmer hennar einnig ritað á fyrri staðnum. Á föðurnafninu er skriftin ógreinileg, en nafnið Friðgeirsdóttir verður þó ekki úr henni lesið. Ekkert framsal er ritað á bréfið.

Að beiðni stefnda var 17. nóvember 1989 í fógetarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af fulltrúa yfirborgarfógeta í skrifstofu hans, gert fjárnám til lúkningar stefnukröfunum í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni Unufelli 20 í Reykjavík. Samkvæmt bókun um gerðina var Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður mættur þar fyrir hönd

áfrýjanda og kvaðst ekki greiða skuldina. Var fjárnámið talið gert eftir ábendingu hans.

Fram er komið, að fyrrnefndur Pétur Sigurðsson er uppeldissonur áfrýjanda og að María J. Sigurðardóttir er dóttir hennar. Áttu þau öll heimili að Unufelli 20. Áfrýjandi mótmælir því ekki, að við sig sé átt með nafninu Bryndís Friðgeirsdóttir í áskorunarstefnunni og í vottorði um birtingu hennar. Kveður hún útivist sína í málinu stafa af vanþekkingu á réttarfari. Á hinn bóginn kveðst hún hafa haft samband við stefnda á þessum tíma og tjáð honum þann annmarka á skuldabréfinu, sem um ræðir hér á eftir. Þá frásögn hennar hefur hann ekki staðfest.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem fram er lögð hér fyrir dómi, kom áfrýjandi þangað 5. júlí 1990 og skýrði frá því, að nafn sitt og Mariu, dóttur sinnar, á fyrrgreindu skuldabréfi væru rituð í heimildarleysi. Hefði sonur sinn, útgefandi bréfsins, sjálfur falsað nöfnin og viðurkennt það fyrir sér, þegar henni barst tilkynning um vanskil á bréfinu og síðar erindi frá lögmönnum þeirra vegna haustið 1989. Sagði hún einnig, að reynt hefði verið án árangurs að ná samkomulagi við lögmennina um greiðslu á bréfinu. Hinn 18. september 1990 gekkst Pétur Sigurðsson við því fyrir rannsóknarlögreglunni að hafa ritað skuldabréfið og falsað á það nöfn mæðgnanna sem ábyrgðarmanna, en síðar fengið tvo kunningja sína til að rita á það sem vitundarvotta. Kvaðst hann jafnframt ekkert hafa greitt af skuldinni, en bréfið hefði hann notað til bifreiðarkaupa. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1991 á grundvelli ákæruskjals ríkissaksóknara 14. janúar 1991 var það staðfest, að Pétur hefði orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með þessu atferli og honum dæmd refsing fyrir.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að nafn sitt sé falsað með fyrrgreindum hætti á skuldabréfinu, sem er grundvöllur að málshöfðun stefnda gegn henni.

Stefndi andmælir því ekki, að fölsun á skuldabréfinu hafi átt sér stað, en telur mótbáru áfrýjanda þess vegna vera of seint fram komna, og séu ekki skilyrði til þess samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973, að hún verði höfð uppi hér fyrir dómi. Sjálfur hafi hann ekki fengið vitneskju um þessa mótbáru fyrr en við áfrýjun málsins,

þegar komið var að nauðungarsölu á hinni fjárnumdu fasteign áfrýjanda. Hafi áfrýjandi með aðgerðaleysi sínu firrt sig heimild til að bera fölsunina fram sem sýknuástæðu.

Fölsunarmótbáru verður við komið í máli sem þessu, sbr. c-lið 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 og nú 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Telja verður, að það ylli áfrýjanda verulegum réttarspjöllum, ef ekki yrði heimilað að taka mótbáru hennar til úrlausnar fyrir Hæstarétti, eins og hún hefur leitað eftir. Að virtum öllum atvikum þykja ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 ekki standa því í vegi, að vörn þessi komist hér að.

Samkvæmt því, sem fyrr var rakið, verður að leggja til grundvallar í málinu, að nafn áfrýjanda hafi verið falsað á skuldabréf það, sem málsóknin er á reist. Ber því að fella hina áfrýjuðu áritun úr gildi, að því er áfrýjanda varðar, og sýkna hana af kröfum stefnda í málinu. Eftir þeim úrslitum ber einnig að fella úr gildi fjárnámsgerð þá, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur á grundvelli áritunarinnar.

Samkvæmt 231. gr. laga nr. 85/1936 bar héraðsdómara að gæta þess, er hann tók áskorunarstefnu stefnda til áritunar, að málalíbúnaði hans væri í engu áfátt, sbr. og 2. mgr. 118. gr. laganna. Eins og stefnan var orðuð, varð ekki af henni ráðið, hver væri stefnandi málsins. Þá var atvikalýsing í stefnunni ekki að öllu leyti í samræmi við skuldabréfið, sem á var byggt. Meðal annars mátti sjá, að nafnið „Bryndís Friðgeirsdóttir“ væri ekki að finna á skjalinu, og á því var ekki framsal með þeim hætti, er um gat í stefnunni. Hefði dómari átt að hafna áritun á stefnuna án nánari skýringa eða vísa henni frá dómi. Áfrýjandi hefur bent á þessa annmarka, en gerir ekki kröfur vegna þeirra.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Bryndís Friðþjófsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgeirs Þórs Árnasonar, í máli þessu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.